



Verkmenntaskólinn á Akureyri

STÆF2RH05 – Fjarkennsla

Bréf 7

Þá byrjum við á 5. Kafla sem fjallar um hornaföll.

Lesið vel bls. 69-72 í bókinni og skoðið QR kóða.

Hornaföll er bara hægt að nota á þríhyrninga sem eru rétthyrndir og þau byggja á samspilinu á milli hliðar þríhyrningsins. Hliðarnar eru langhlið sem er alltaf hliðin sem liggur á móti rétta horninu (90 gráður) og svo skammhliðarnar tvær sem mynda rétta hornið.

Mikilvægt er að átta sig á hugtökunum MÓTLÆG og AÐLÆG. Skammhliðarnar geta verið hvort sem er mótlæg eða aðlæg, það fer allt eftir því í hvaða horni maður "staðsetur" sig. Skoðið vel bls. 70 þar sem farið er yfir þetta.

Hornaföll eru þrennskonar Tangens - Síkus og Kósíkus

Í fyrstu köflunum sem við tókum fyrir þessa vikuna þá einbeitum við okkur að Tangens sem byggir á samspili skammhliðanna:

$\tan(A) = \text{mótlæg skammhlið} / \text{aðlæg skammhlið}$

Vinnið verkefni 5. A og 5. B

Gangi ykkur vel og munið að spyrja ef þið lendið í vandræðum með dæmi eða ef það er eitthvað sem þið viljið fá frekari útskýringar á.